



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Njála

ÍSLE3NJ05

Kennsluáætlun – vorönn 2017

## Kennarar áfangans:

Elín Una Jónsdóttir (EUJ)

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir (RES)

## Áfangalýsing

Brennu-Njáls saga lesin og ígrunduð. Unnið með söguna, textann og sögupersónur út frá sögutíma, ritunartíma og okkar samtíma. Einstakar persónur Brennu-Njáls sögu settar í samhengi við hin ýmsu verk, texta og einstaklinga frá mismunandi tímabilum sem og hinir ýmsu atburðir sögunnar. Fjallað um handritin, söguna sem afþreyingu og sem alvarlegt bókmenntaverk, má leika sér að efni hennar eða ekki? Til umfjöllunar verður líf sögunnar meðal þjóðarinnar í gegnum aldirnar. Sagan verður sömuleiðis skoðuð með hinum töfrandi verkfærum bókmenntafræðinnar, hugað að mál og stíl, íroníu, sögumanni, sjónarhorni og tíma sögunnar svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur lesi söguna sér til ánægju og fróðleiks. Markmiðið er að lesturinn dýpki skilning nemenda á sögunni og einnig á manneskjunni sem slíkri, lífsbaráttu hennar, löngunum og þráum.

## Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Orðaforða sem nægir til að lesa íslenskar fornþekktir með nútímastafsetningu
- Helstu bókmenntahugtökum
- Ritgerðasmíð og heimildavinnu

## Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja og nota stílbrögð, orðatiltæki og vísanir úr Njálu
- Draga saman og nýta á gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns verkum og heimildum sem tengjast Njálu og meta vægi þeirra
- lesa forntexta
- Ritun heimildaritgerðar þar sem hann beitir gagnrýnni hugsun við úrvinnslu og kemur efni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli.

## Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa fornþekktir sér til ánægju og fróðleiks
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta með ritstíl sem vísar í forna málið.
- Tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, skýra sjónarmið sín og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að ígrundaðri niðurstöðu.
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu fornþekktir sem og annarra texta.
- Ná duldu boðskap og hugmyndum, geta lesið á milli lína
- Sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í umfjöllun sinni, málflutningi og túlkun.

## Kennslubækur og kennslugögn

- *Brennu-Njáls saga*. Jón Böðvarsson bjó til prentunar. Iðnú.
- Ljósritað efni frá kennara.

Áfanginn skiptist í fimm efnispætti, 1)Hallgerður, 2)Mörður, 3)Skarphéðinn, 4)Hildigunnur og Flosi og 5)Kári. Í hverjum efnispætti verða lögð fyrir verkefni af ýmsum toga. Nemendur skrifa einnig reglulega í vangaveltubók samkvæmt fyrirmælum kennara. Vangaveltubók er yfirfarin af kennara a.m.k. þrisvar á önninni. Hverjum efnispætti lýkur síðan með prófi sem verður byggt upp sem tímaritgerð.

### Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5.-6. janúar	<b>Kynning</b>
2	9.-13. janúar	<b>Hallgerður k. 1, 9-81</b> Lífshamingja, Þríhyrningur, Sært stolt, Kinnhestur
3	16.-20. janúar	„
4	23.-27. janúar	„
5	30. jan.-3. febrúar.	„ <b>Próf</b>
6	6.-10. febrúar	<b>Mörður k. 46-81, 107-112, 121</b> Ráðabruggr Marðar, Ráðgjafi, Hvítanessgoðinn
7	13.-17.febrúar	„
8	20.-24. Febrúar <i>Kátir dagar og flóafár miðv.-föstud.</i>	<b>Próf</b>
9	27. feb.-3. mars <i>Miðannamat hefst</i>	<b>Skarphéðinn k. 82-132</b> Glott og háð, Bræður, Jaxl, Á þingi
10	6. – 10. mars	„
11	13.-17. mars <i>Vorfrí þann 17. mars</i>	„
12	20.-24. mars	„
13	27.-31. mars	„ <b>Próf</b>
14	3.-7. apríl	<b>Hildigunnur og Flosi k. 95, 115-141, 145-159</b> Hvatning, Skyldur
15	8.-14. apríl <i>Páskafri</i>	
16	<i>16. – 18. apríl Páskafri</i> 19 og 21. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti 20. apríl</i>	„ <b>Próf</b>

17	24.-28. apríl	<b>Kári k. 146-159</b>	Ný hetja, Hefnd
18	1. – 5. maí		
	<b>Fri 1. Maí</b>	„	<b>Próf</b>
19	8.-10. maí	<b>Samantekt</b>	

### Vægi námsþátta í lokaeinkunn

Próf/tímaritgerð	40%
Vangaveltubók	20%
Ástundun og vinnubrögð	10%
Þátttaka í umræðum	15%
Munnlegt próf	<u>15%</u>
	100%

### Hafið í huga...

Til þess að ljúka áfanganum þurfa nemendur að ljúka/skila öllum námsþáttum á réttum tíma.

Nemendur sem missa af prófum/verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara að þeir eigi eftir að taka próf og óska eftir sjúkraprófi. Sjúkrapróf fara fram þegar nemandi mætir heill heilsu aftur í skólann.

**Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf!**

Elín Una Jónsdóttir [elinuna@fsu.com](mailto:elinuna@fsu.com)

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir [ragnhildurelisabet@gmail.com](mailto:ragnhildurelisabet@gmail.com)